

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogur

Reykjavík 6. febrúar 2018
UST201712-113/K.S.J.
10.04.01

Efni: Lýsing - Svæðisskipulag - Höfuðborgarsvæðið 2040 - Vaxtamörk innan Mosfellsbæjar


Vísað er til erindis svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2040 innan Mosfellsbæjar.

Skipulagssvæðið

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að fyrirhugað er að vinna tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu sem felst í stækkun atvinnusvæðis á Hólmsheiði. Einnig kemur fram að í tillögunni felst að vaxtamörk höfuðborgarsvæðisins færast til austurs við Sólheimakot innan Mosfellsbæjar. Einnig kemur fram að ofangreint svæði er skilgreint sem öryggissvæði vatnsverndar, en öryggissvæði eru utan aðrennslissvæða grunnvatns til vatnsbóla og liggja eftir jöðrum brunn-, grann-, og fjarsvæða vatnsverndar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skýrir skilmálar verði settir þegar skipulagi svæðisins er breytt úr öryggissvæði og útivistarsvæði (græna treflinum) í athafnasvæði, til að útiloka að á svæðið fari starfsemi sem geti haft neikvæð áhrif á grunnvatn svæðisins. Umhverfisstofnun bendir einnig á að gagnaver er starfsemi sem þarf mikla kælingu á vélum og búnaði og er afar mikilvægt að sett verði í skilmála hvaða kæliefni megi nota á þessu svæði, svo ekki verði hætta á neikvæðum áhrifum á grunnvatn af völdum kæliefna.

Svo framarlega sem ýrustu varkárni verður gætt varðandi grunnvatn, þá gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við ofangreinda lýsingu.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Rakel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur